Félag stjórnenda leikskóla
KENNARASAMBAND ÍSLANDS

Frá samráðsfundi Félags stjórnenda leikskóla
Bifröst 24. ágúst 2016

Samráðsfundur Félags stjórnenda leikskóla hvetur rekstraraðila leikskóla til þess að nýta heimildarákvæði kjarasamninga um launað námsleyfi.

Starfsþróun leikskólastjórnenda er mikilvæg í skólastarfi .
Gæði leikskólastarfs aukast við að hafa sterka fagmenn við stjórnvölinn og starfsgleði og góð menntun stjórnenda hefur áhrif á frammistöðu og líðan nemanda þegar til lengri tíma litið.
Á samráðsfundi stjórnenda leikskóla kom fram að undanfarin ár hafa alltof fáir rekstraraðilar nýtt ákvæði í kjarasamningi SNS og FSL um launuð námsleyfi leikskólastjórnenda. Því hvetjum við rekstraraðila til að hlúa að þessum þætti og hvetja leikskólastjórnendur til þess að efla sig í starfi í launuðu námsleyfi.